

Föstudaginn 2. júlí 1976.

Nr. 127/1976. **Iðnaðarbanki Íslands h/f**
Félag íslenskra iðnrekenda og
Landssamband iðnaðarmanna
 gegn
Húsatryggingum Reykjavíkur og
Guðmundi Jónssyni borgardómara.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og
Þór Vilhjálmsson.

Kærumál. Dómarar. Úrskurður úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. júní 1976, sem barst Hæstarétti 22. júní. Krefjast þeir þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómarann að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Varnaraðili Húsatryggingar Reykjavíkur hefur lýst því, að hann taki undir kröfur sóknaraðilja.

Kæra þessi er heimil samkvæmt lokaákvæði 21. gr. laga nr. 75/1973.

Skýra verður 1. mgr. 30. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, sem staðið hefur óbreytt frá upphafi, í samræmi við yngri lagaákvæði um dómara, sbr. nú 1. mgr. 29. gr. sömu laga, eins og henni hefur verið breytt með 1. gr. laga nr. 76/1972, og lög nr. 74/1972, einkum 2. og 9. gr. Nú eru í Reykjavík yfirborgardómari og 9 aðrir borgardómarar. Hver þeirra starfar sjálfstætt og á eigin ábyrgð að dómsmálum, sem yfirborgardómari felur honum, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 74/1972. Vegna þessa verður að skýra 1. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936 þannig, að setudómara þurfi því aðeins að skipa í máli því, sem hér er til meðferðar, að enginn hinna reglulegu héraðsdómara við embætti borgardómara í Reykjavík sé hæfur til að fara með málið. Samkvæmt þessu ber að taka

kröfu sóknaraðilja til greina að öðru leyti en því, að kærumsálskostnaður verður ekki dæmdur..

Eins og rakið er í hinum kærða úrskurði og fram kemur í dómi Hæstaréttar 18. desember 1975 í máli nr. 168/1975, fór Björn Þ. Guðmundsson borgardómari með mál þetta um skeið, og kvaddi hann til tvo meðdómsmenn. Allir þessir þrír dómendur viku sæti með úrskurði sínum 19. mars 1976. Meðdómsmennirnir áttu þó ekki að eiga hlut að ákvörðun um þetta efni, sbr. 205. gr. laga nr. 85/1936. Ekki voru haldbær rök til þess, að Björn Þ. Guðmundsson borgardómari og meðdómsmaðurinn Vilhjálmur Þorláksson verkfræðingur hættu að fara með málið.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Kærumsálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 31. maí 1976.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í dag, hafa Iðnaðarbanki Íslands h/f, Félag íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 16. september 1974, á hendur borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur vegna Húsatrygginga Reykjavíkur.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim kr. 7.958.080.80 auk 8.5% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 5. nóvember 1968 til 30. apríl 1974 og með 15% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað að skaðlausu.

Í greinargerð stefnda voru gerðar þessar dómkröfur:

Aðallega, að málinu verði vísað frá dómi.

Til vara, að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnenda.

Til þrautavara, að kröfur stefnenda verði aðeins teknar til greina að hluta.

Þá var krafist málskostnaðar úr hendi stefnenda, hver sem úrslit málsins verða.

Málsatvik eru þau, að stefnendur telja sig ekki hafa fengið greiddar réttar bætur úr hendi stefnda, eftir að húsið nr. 10 B við Lækjargötu hér í borg brann 10. mars 1967. Í upphafi var frávísunarkrafa stefnda tekin til málflutnings, og með dómi, upp-

kveðnum 31. október 1975, var málinu vísað frá dómi. Þann dóm kváðu upp Björn Þ. Guðmundsson borgardómari og meðdómendurnir Stefán Már Stefánsson, settur prófessor, og Vilhjálmur Þorláksson byggingaverkfræðingur. Stefnendur kærðu dóminn til Hæstaréttar, er með dómi, uppkveðnum 18. desember 1975, felldi hinn kærða frávísunardóm úr gildi og lagði fyrir héraðsdóminn að taka málið til efnismeðferðar. Er málið var tekið fyrir á ný á bæjarþingi Reykjavíkur 11. mars sl., var gerð sú krafa af hálfu stefnenda, að meðdómmandinn Stefán Már Stefánsson viki sæti, en kvaddur yrði í dóminn í hans stað sérkunnáttumaður í húsagerðarlist. Af hálfu stefnda var tekið undir þessa kröfu. Með úrskurði, uppkveðnum hinn 19. mars sl., ákvað dómurinn að víkja sæti í málinu. Í forsendum fyrir niðurstöðu þessari er vísað til athugasemdar um skipun dómsins, sem fram kemur í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar, en síðan segir svo:

„Í samræmi við málsefni kvaddi héraðsdómari Stefán M. Stefánsson, settan prófessor, og Vilhjálmi Þorláksson byggingaverkfræðing til meðdómendastarfa í máli þessu. Útnefning meðdómsmannanna fór fram með þeim hætti sem tíðkast hefur, og við val þeirra var stuðst við fordæmi. Hefur útnefningin enda ekki sætt ógildingu.

Skv. áðurnefndum dómi Hæstaréttar bar að skipa héraðsdóminn á annan hátt en gert var, og málsaðiljar hafa nú krafist þess, að annar meðdómsmannanna viki sæti. Að svo vöxnu þykir ekki rétt, að héraðsdómurinn, þannig skipaður, fari áfram með mál þetta, og víkur hann því sæti ex officio“.

Er hér var komið, sendi borgardómurinn í Reykjavík dómsmálaráðuneytinu skjöl málsins ásamt síðasta úrskurði í málinu.

Með bréfi, dags. 31. mars sl., endursendi dómsmálaráðuneytið yfirborgardómaranum í Reykjavík skjöl málsins. Í bréfi ráðuneytisins segir m. a. svo:

„Samkvæmt skjölunum kemur fram, að Björn Þ. Guðmundsson, einn borgardómara við borgardómaraembættið, hefur með úrskurði 19. mars sl. vikið sæti í málinu.

Mál þetta, sem um ræðir, hefur dómurinn haft til meðferðar samkvæmt ákvörðun yðar sem forstöðumanns. Með því að dómurinn telur sig vanhæfan til meðferðar málsins, kemur það þá á ný til meðferðar yðar. Eru málsskjölin því endursend yður til áframhaldandi meðferðar“.

Hinn 23. f. m. fól yfirborgardómurinn í Reykjavík Guðmundi Jónssyni borgardómara mál þetta til meðferðar.

Með úrskurði þeim, sem uppkveðinn var 19. mars sl., vék hinn reglulegi dómari málsins sæti og meðdómendur þeir, sem hann hafði kvatt til dómsstarfa með sér. Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936 virðist dómsmálaráðherra eiga að setja dómara til að fara með mál þetta og dæma það. Þykir því skorta lögmætan grundvöll fyrir dómara þann, sem nú hefur verið falið mál þetta, til að fara með það og dæma. Er það því ákvörðun hans, að hann fari ekki með mál þetta, en ekki þykir grundvöllur til, að hann víki sæti í málinu.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Guðmundur Jónsson borgardómari fer ekki með mál þetta.

Mánudaginn 5. júlí 1976.

Nr. 147/1975. **Mínerva Karlotta Aðalsteinsdóttir**

(Guðrún Erlendsdóttir hrl.)

gegn

Jóni Sigurðssyni og gagnsök

(Óttar Yngvason hdl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson og Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti.

Forræði barna. Hjónaskilnaður. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 15. október 1975. Krefst hún þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hún þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og „synjað verði um forræðisbreytingu á börnum aðilja, Sigurði, f. 29. september 1969, og Helgu, f. 27. desember 1971“. Í báðum tilvikum krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki